

Nd.

406. Breytingartillögur

við frv. til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., þannig hljóðandi:

Engan þann styrk, sem veittur er samkvæmt fátækralögum frá 10. nóv. 1905, má skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur:

- a. *Vegna ómegðar.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleira en 1 barn talið ómegð.
- b. *Vegna slysa og vanheilsu.* Styrkur skal talinn veittur vegna slysa og vanheilsu, þegar styrkþurfi sannar með vottorði læknis, eða vottorði tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða vanheilsa, sem styrkþurfi á ekki sök á, geri hann ófæran til vinnu um lengri eða skemri tíma.
- c. *Vegna atvinnuskorts.* Styrkur skal talinn veittur vegna atvinnuskorts, þegar sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki veitt styrkþurfandi fjölskyldumanni atvinnu eða vísað honum á atvinnu, sem hann getur stundað sjer og sínum til lífsviðurværis.

d. *Vegna elli.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna elli, sem veittur er styrkþurfa, sem er fullra 60 ára að aldri.

2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Engan þann, sem ræðir um í 1. gr. laga þessara, má flytja fátækraflutningi, nema hann hafi veitt til þess skriflegt samþykki sitt.

Nú verður þurfalingur ekki fluttur fátækraflutningi, vegna þess að samþykki hans til þess hefir ekki fengist, og skal þá framfærslusveit endurgreiða allan þann styrk, sem dvalarsveit veitir honum.

b. Skuldir vegna styrks, er veittur hefir verið eftir þessum lögum, fyrnast á 5 árum.

Allar fátækraskuldir frá fyrri árum, sem ekki er veð fyrir og orðnar eru til fyrir 1. jan. 1920, skulu falla í fyrningu, ef ekki hafa verið innheimtar fyrir 1. jan. 1922.

Geinatalan breytist samkvæmt þessu.